




LEONARDO STARFSMENNTUN 2012

LANDSKRIFSTOFA MENNTAÁÆTLUNAR ESB



www.leonardo.is



Menntaáætlun Evrópusambandsins



Stjórnardeild mennta-
og menningarmála
Menntaáætlun Evrópusambandsins

LEONARDO STARFSMENNTAHLUTI MENNTAÁÆTLUNAR ESB

LEONARDO dregur nafn sitt af frumkvöðlinum og hugvitsmanninum Leonardo da Vinci. Það er vel við hæfi því hugvit og nýsköpun eru í forgrunni. Innan Leonardo er bæði gömlum og nýjum hugmyndum fundinn farvegur en áætluninni er ætlað tvíþætt hlutverk. Annars vegar að geta af sér nýjungar í starfsmenntun, og hins vegar að gefa nemendum í iðn- og starfsnámi og fólki á vinnumarkaði tækifæri til að afla sér reynslu og þekkingar innan síns fagsviðs í rúmlega 30 Evrópulöndum.

MARKMIÐ Menntaáætlunar ESB er að stuðla að þróun öflugs þekkingarsamfélags í Evrópu. Sérstök áhersla er lögð á samstarf og samnýtingu reynslu og þekkingar um menntun og þjálfun innan Evrópu. Markmið sem styrkja þessar áherslur hafa verið sett til ársins 2013.

VERKEFNI sem Leonardo styrkir eiga að koma fólki á vinnumarkaði eða ungu fólki á leið á vinnumarkað til góða, auk þess að efla samstarf skóla, annarra fræðslustofnana og atvinnulífs.

ÖLL VERKEFNI sem Leonardo styður þurfa að falla að einu eða fleiri þessara markmiða. Þau eru:

1. Að styðja einstaklinga til þátttöku í sí- og endurmenntun sem miðar að því að auka kunnáttu og færni og efla persónulega hæfni þeirra
2. Að efla gæði og styðja við nýsköpun í starfsmenntun innan fræðslu- og menntastofnana og í vinnustaðanámi
3. Að auka aðdráttarafi starfsmenntunar og starfsþjálfunar meðal atvinnurekenda og einstaklinga og greiða fyrir hreyfanleika nemenda í starfsþjálfun

HVERJIR GETA SÓTT UM:

Opinberir aðilar, fyrirtæki, skólar og stofnanir, félög eða samtök sem tengjast starfsmenntun og starfsþjálfun.

MANNASKIPTAVERKEFNI

MANNASKIPTAVERKEFNI/MOBILITY PROJECTS veita fólki tækifæri til að afla sér reynslu og þekkingar innan síns fagsviðs í öðrum Evrópulöndum. Um er að ræða heimsókn eða dvöl til lengri eða skemmri tíma þar sem markmiðið er að efla hæfni þátttakenda með starfsþjálfun og námsferðum og/eða afla þekkingar til að deila með öðrum innan skóla, stofnana og fyrirtækja. Ávinningur mannaskipta felur meðal annars í sér nýja verkfærni, tungumálþjálfun og viðskiptasambönd til framtíðar og þátttaka í mannaskiptaverkefni getur aukið starfsmöguleika ungs fólk hvar sem er í Evrópu.

ÞRÍR MARKHÓPAR MANNASKIPTAVERKEFNA:

NEMENDUR Í STARFSMENNTUN

Verkefni fyrir nemendur í starfsmennta-skólum, í starfsnámi og á samningi. Starfsþjálfunina má taka sem hluta af námi, eftir að námi er lokið eða meðan á samningi stendur. Um þessar mundir er lögð sérstök áhersla á starfsþjálfun í fyrirtækjum sem er hluti af samningstíma iðnnema.

DVALARLENGD: 2 vikur – 9 mánuðir

FÓLK Á VINNUMARKAÐI

Verkefni fyrir fólk á atvinnumarkaði, einstaklinga í atvinnuleit og sjálfstæða atvinnurekendur sem vilja auka færni sína og þekkingu. Markmið verkefnanna er að auka faglega færni og þroska og stuðla að aukinni tungumálakunnáttu, víðsýni og starfshæfni einstaklinga.

DVALARLENGD: 2 vikur – 6 mánuðir

FAGAÐILAR Í STARFSMENNTUN

Verkefni fyrir leiðbeinendur, kennara, starfsmenn, fræðslustjóra eða starfsmannastjóra í fyrirtækum og stofnunum. Markmið verkefnanna er að afla og yfirfæra þekkingu og deila reynslu með öðrum í sambærilegri starfsemi og kennslu. Mikil áhersla er lögð á kynningu, innleiðingu aðferða og það að deila reynslu sinni með öðrum þegar heim er komið. Styrkir eru einnig veittir til kennara og leiðbeinenda sem vilja auka tungumálakunnáttu vegna starfs síns.

DVALARLENGD: 1 – 6 vikur

UMSÓKNARFRESTUR: 3. FEBRÚAR 2012

FORGANGSHÓPAR ÁRIÐ 2012: Umsóknir frá aðilum sem skipuleggja starfs- og vinnustaðanám, t.d. starfsmenntaskólar og starfsgreinaráð. Áhersla skal lögð á vinnustaðþjálfun í verkefnum.

STYRKIR:

Veittir eru styrkir til ferða og upphalds. Einnig er hægt að sækja um styrki fyrir umsjón verkefna og undirbúning styrkþega. Hægt er að sækja um sérstaka styrki fyrir fatlaða einstaklinga og aðstoðarfólk þeirra.

YFIRFÆRSLUVERKEFNI

YFIRFÆRSLUVERKEFNI (Transfer of Innovation) hafa það að markmiði að stuðla að yfirfærslu og nýtingu á niðurstöðum og aðferðum sem hafa verið þróaðar í öðrum verkefnum á sviði starfsmenntunar. Yfirfærsluverkefni veita þannig tækifæri til að aðlaga og yfirfæra niðurstöður eldri verkefna og innleiða árangursríkar aðferðir í starfsmenntun sem hafa verið nýttar í þágu starfsmenntunar í öðru landi.

YFIRFÆRSLUVERKEFNI miða að því að yfirfæra færni, reynslu og þekkingu milli einstakra markhópa, starfsgreina og til nýrra Evrópulanda.

DÆMI UM VIÐFANGSEFNI:

- innleiðing nýrra kennsluáðferða
- yfirfærsla áðferða í vinnustaðþjálfun
- nýjar aðferðir við mat á raunfærni
- aðlögun námsefnis að nýjum markhópum
- þróun og innleiðing viðmiðaramma um nám

SAMSTARFSÁBILAR þurfa að vera frá þremur löndum hið minnsta, þar af a.m.k. einu Evrópusambandslandi. Gert er ráð fyrir fleiri samstarfsaðilum innan hvers lands.

UMSÓKN um yfirfærsluverkefni verður að falla að einu forgangspatriði sem gildir fyrir árið 2012.

FORGANGSHÓPAR 2012: Verkefni þar sem lögð er áhersla á vinnustaðanáms og raunfærnimat.

STYRKIR:

Lengd verkefna: að hámarki 2 ár (12 til 24 mánuðir)

Stuðningur: allt að 75% af samþykktum kostnaði

Styrkur: allt að 150 þúsund evrur á ári

Fjöldi þátttökulanda: a.m.k. 3 lönd, þar af eitt Evrópusambandsland

- Áhersla á samvinnu starfsmenntaskóla og atvinnulífsins
- Stuðningur við menntun og þjálfun starfsmenntakennara, leiðbeinenda og stjórnenda í starfsmenntastofnunum
- Aðferðir við að efla lykilmætti nema í starfsmenntun
- Aðferðir til að auka fjölda þeirra nemanda sem taka hluta af starfsnámi sínu erlendis
- Aðferðir við að samræma raunfærnimat á milli landa og starfsgreina
- Auka gæðaeftirlit í starfsmenntun

UMSÓKNARFRESTUR: 2. FEBRÚAR 2012

UMSÓKNIR ERU Á ENSKU

SAMSTARFSVERKEFNI

SAMSTARFSVERKEFNI (Partnership Projects) veita tækifæri til að stofna til samstarfs í allt að 2 ár þar sem þátttakendur vinna saman að þróun verkefna á ákveðnu sviði starfsmenntunar. Sem dæmi má nefna verkefni sem miða að auknu gegnsæi og gæðum í námi, samstarfi atvinnulífs og skóla og þróun einingakerfis fyrir starfsmenntun í Evrópu (ECVET).

SAMSTARFSVERKEFNI gefa af sér niðurstöður eða afurðir sem hægt er að kynna og nýta til frekari þróunar, t.d. skýrsla, margmiðlunarefni, handbók, ráðstefna eða annað.

SAMSTARFSVERKEFNI eru samstarf á milli a.m.k. þriggja landa, þar af eins Evrópusambandslands.

SAMSTARFSADILAR: Lögð er rík áhersla á fjölbreyttan samstarfshóp og virkt samstarf atvinnulífs og skóla. Að umsókn um samstarfsverkefni þurfa því að standa bæði fulltrúar menntastofnana sem og aðilar vinnumarkaðar, atvinnulífs eða starfsgreina.

Allir þátttakendur í umsókn þurfa að skila inn umsókn til Landskrifstofu í eigin landi. Styrkur til þátttöku í samstarfsverkefni er veittur í heimalandi.

UMÓKNARFRESTUR: 21. FEBRÚAR 2012

UMSÓKNIR ERU Á ENSKU

UNDIRBÚNINGSSTYRKIR

UNDIRBÚNINGSSTYRKIR (Preparatory Visits Grant) eru veittir til einstaklinga til að sækja tengslaráðstefnur sem haldnar eru á hverju ári í ýmsum Evrópulöndum, eða til að heimsækja væntanlega samstarfsaðila og undirbúa nýjar verkefnaumsóknir.

STYRKURINN stendur straum af kostnaði við ferðir, uppihald og ráðstefnugjöld. Þegar um er að ræða þátttöku á tengslaráðstefnum eru greidd ráðstefnugjöld en þegar um undirbúningsheimsóknir er að ræða er greiddur uppihaldsstyrkur þar sem miðað er við fjölda ferðadaga.

UMSÓKNARFRESTUR er opinn allt árið og umsóknir eru afgreiddar reglulega meðan fjármagn endist. Dvalarlengd er að hámarki 5 dagar.

STYRKIR:

Í samstarfsverkefnum eru veittir styrkir til að sækja verkefnisfundi. Upphæðin er föst og fer eftir áætluðum fjölda funda og fjölda þátttakenda frá hverjum samstarfsaðila á verkefnistímabilinu. Þannig er hægt að sækja um styrk til 4, 8, 12 eða 24 ferða á 2 ára tímabili.

VILT ÞÚ?

- fara til Evrópu í starfsþjálfun?
- auka færni þína og starfsmöguleika á vinnumarkaði?
- innleiða nýjar kennsluaðferðir og auka gæði í starfsmenntun?
- miðla reynslu og þekkingu á sviði starfsmenntunar í samstarfi við aðila í Evrópu?
- yfirfæra reynslu og þekkingu til nýrra markhópa, starfsgreina og annarra Evrópulanda?

Allar nánari upplýsingar og umsóknareyðublöð er að finna á www.leonardo.is



Menntáætlun Evrópuáætlunarinnar



Stjórnvöld mennta-
og vísingamála

Þessi þekkingu er gefin út með styrk frá Frakkvæðingunni Evrópuáætlunarinnar.
Eini veðinginn endurspeglar eiginlega afstöðu höfundar þess og Frakkvæðing-
stjórnin ber enga ábyrgð á því hvernig upplýsingar úr honum eru nýttar. 2012